

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Vogum.

Grænaborg – óveruleg deiliskipulagsbreyting í Staðarborg.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti 26. mars 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Staðarborg. Breytingin felst í að lóðum ofan Staðarborgar verði fækkað úr tólf í níu. Innan hvers byggingarreits verði heimilt að byggja sex íbúða fjölbýlishús í stað fjögurra íbúða rað- eða fjölbýlishúsa. Byggingar eru eftir sem áður á tveimur hæðum. Við Staðarborg 13-25 er lagt til að heimilað verði að byggja tvö fimm íbúða raðhús og tvö sex íbúða raðhús á einni hæð, í stað fjögurra íbúða rað- eða fjölbýlishúsa á tveimur hæðum. Númeraröð breytist í samræmi við breytingar á lóðunum. Fjöldi íbúða eftir breytingu er óbreyttur þ.e. 76 íbúðir alls. Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Vogum, 10. október 2025.

Davíð Viðarsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. október 2025